



Reglur

Um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

1. gr.

Almennt

Samkvæmt lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga leggja sveitarfélög á fasteingaskatt. Í sömu lögum og reglugerð nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta. Skylt er sveitarstjórnnum að setja reglur um beitingu heimildanna. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð eru birtar með reglum þessum sbr. 7. gr. reglugerðar 1160/2005.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Forsvarsmenn menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundarfélaganna og mannúðarfélaganna geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaganna. Umsóknum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. maí ár hvert og í henni skal gerð grein fyrir starfsemi félagsins. Forsenda þess að styrkur verði veittur er að sú starfsemi, viðkomandi félags í umræddri fasteign, sé ekki rekin í ágóðaskyni. Sveitarstjóri tekur ákvörðun um styrkveitingu á grundvelli ofangreindra forsendna.

3. gr.

Tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar

Fasteignaeigendum sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í sveitarfélaginu, geta sótt um afslátt af fasteignaskatti þeirrar íbúðar sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Viðkomandi verður að skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. maí ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn öryrkja skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat. Við ákvörðun afsláttar skal einnig tekið tillit til tekna maka. Umsóknir eru afgreiddar af sveitarstjóra á grundvelli tekjuviðmiðunar sem sveitarstjórn ákveður ár hvert.

4. gr.

Bújarðir og útihús

Eigendur útihúsa á bújörðum / lögbýlum geta sótt um niðurfellingu fasteignaskatts ef ytri aðstæður valda því að sá rekstur sem nýtir viðkomandi fasteign stöðvast skyndilega. Forsendur þess að geta nýtt þetta ákvæði er, að eigandi hafi haft rekstur í viðkomandi fasteign, en ytri aðstæður svo sem stjórnvaldsákvarðanir hafi valdið rekstrarstöðvun. Að hámarki er hægt að sækja um niðurfellingu til tveggja ára, enda sé engin starfsemi í fasteigninni og eigandi að vinna að því að koma umræddri fasteign í annan rekstur. Viðkomandi verður að skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. maí ár hvert ásamt staðfestu skattframtali og rekstrarreikningi næstliðins árs.

Ekki er heimilt að veita afslátt eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum.

Sveitarstjóri tekur ákvörðun um niðurfellingu á grundvelli ofangreindra forsendna.

5. gr.
Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef þeir hafa staðið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. maí ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur hússins. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu. Þannig megi líta á styrk eða niðurfellingu sem framlag til endurbóta.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 14. mars 2006 og taka þegar gildi.

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar